

**Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna:**

Lagt er til með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra, dags. 2. apríl 2019, að viðmið um hámarksfjölda reykvískra fimm ára barna sem heimilt er að greiða framlag vegna til Skóla Ísaks Jónssonar verði breytt með þeim hætti að heimilt verði að greiða framlag vegna allt að 65 barna frá 1. maí 2019 í stað 61 barns. Sviðsstjóra er falið að gera viðauka við nógildandi samning skólans, dags. 31. janúar 2019.